

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 2 af 2

Ágrip úr réttarfari (35% af prófi)

Prófnúmer próftaka:	
---------------------	-------

Námsgrein til prófs:	Ágrip úr réttarfari (35%) ATH. Prófið er tvískipt: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (65%), ágrip úr réttarfari (35%).	
Prófdagur:	29. október 2018	Kl.: 16:00-20:00
Próftími alls: 4 klst.	Prófblöð vegna þessa hluta prófsins (þ.m.t. forsíða): 2	
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir	Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, eigi síðar en einni klukkustund eftir að próf hefst og eigi síðar en einni klukkustund áður en prófi lýkur. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Prófið fer fram á tölvu og skal úrlausnum skilað á rafrænu formi í lok prófs.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Ritgerð (20,0%)

Gerð í stuttu máli grein fyrir eftirfarandi:

- (i) Aðfararfrestur (5%)
- (ii) Hæstiréttur – skipan og hlutverk (7%)
- (iii) Helstu sjónarmiðum sem gilda um sönnunarfærslu í almennum einkamálum, og lýsið sérstaklega aðila- og vitnaskýrslum (8%)

2. Raunhæft verkefni (5%)

A á fjárkröfu á hendur B skv. skuldabréfi. Samkvæmt upphaflegu efni skuldabréfsins var krafa skuldabréfsins tryggð með veði í fasteign C skv. yfirlýsingu í skuldabréfinu, en fasteignin var leyst úr veðböndum árið 2017, þ.e. A samþykkti að fasteignin yrði ekki lengur sett að veði til tryggingar greiðslu skuldabréfsins. Skuldabréfið gjaldféll 15. júní 2018. Skuldabréfið inniheldur beina nauðungarsöluheimild og beina aðfararheimild. A sendi greiðsluáskorun vegna kröfu skuldabréfsins til B og C fyrir 30 dögum síðan.

Gerð í stuttu máli grein fyrir þeim lagalegu úrræðum sem A hefur til að fullnusta kröfuna á hendur B og/eða C, ef um slíkt er að ræða.

3. Fullyrðingar (10,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver fullyrðing vegur 2,0%.
 - (ii) Dregið er frá 2,0% fyrir hvert rangt svar.
 - (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
 - (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.
-
1. Samkvæmt lögum nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. getur kröfuhafi, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, fengið sýslumann til að kyrrsetja eignir skuldara til að tryggja fullnustu á kröfu um greiðslu peninga.
 - () Rétt
 - () Rangt
 2. Útilokunarreglan (tómlætisreglan) í almennum einkamálaréttarhari felur það í sér að ef aðili mótmælir fullyrðingu gagnaðila síns á einhverju stigi málsins þá kemst hún ekki að í málinu, þ.e. er útilokuð frá málinu.
 - () Rétt
 - () Rangt
 3. Á tímabili greiðslustöðvunar skv. lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. er skuldara heimilt að greiða þær skuldir á hendur sér sem féllu í gjalddaga áður en greiðslustöðvun hófst.
 - () Rétt
 - () Rangt
 4. Hægt er að fá gerða aðför á hendur skuldara á grundvelli áritaðrar stefnu, þ.e. stefnu sem hefur verið árituð af dómara hér á landi.
 - () Rétt
 - () Rangt
 5. Við skipti á þrotabúum skv. lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. ganga kröfur sem njóta veðréttar í eign bús frammar sk. forgangskröfum.
 - () Rétt
 - () Rangt